



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

ENSK1RX05

Kennari:	Guðfinna Gunnarsdóttir
----------	-------------------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum taka nemendur hefðbundna enskuáfanga á 1.,2. eða 3. þrepi á sínum eigin hraða. Gert er ráð fyrir að nemendur ljúki sínum áfanga á tveimur til þremur önnum, en einnig er í boði að ljúka áfanganum á einni önn ef nemandi treystir sér til. Nemendur sem voru í þessum áfanga á haustönn 2024 halda áfram þaðan sem frá var horfið. Nýir nemendur fá kennsluáætlun síns áfanga frá kennara.

Kröfur og verkefnaskil:

- Ætlast er til að nemendur taki að fullu þátt í kennslustundum, fylgist með innlögnum, skrái glósur, vinni verkefni og taki þátt í umræðum. Því betur sem nemendur sinna vinnu í kennslustundum, því minna verður heimanámið. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram í kennslustundum. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimavinna nemenda.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara og þá aðeins að því tilskyldu að það þurfi að nota hann í tengslum við námið.

Námsmat

- Námsmat er byggt á námsmati þess áfanga sem nemandi tekur í RX. Ef nemandi klárar námsefnið í sínum áfanga fær hann einingarnar þaðan, og L (lokið án eininga) fyrir RX.
- Ef nemandi klárar ekki námsefni síns áfanga fær hann lokaekunn (Staðið eða Fallið) fyrir vinnuframlag sitt í RX, og jafnframt einingar fyrir RX.
- Ef að nemandi hefur ekki lokið almennum áfanga eftir 3 annir, er réttast að viðkomandi taki hlé í viðkomandi fagi.
- Mat á stöðu nemanda er best að taka í samtali umsjónarkennara og fagkennara við lok annar ef þörf krefur.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

14. janúar 2025

Guðfinna Gunnarsdóttir